

7.3.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágu frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn 258.mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

UMSÖGN SIGURÐAR SIGURÐARSONAR UM ENDRBÆTT MATVÆLAFRUMVARP - 5. mars 2009:

Við endurskoðun á frumvarpinu frá s.l. vori hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda, sem gerðar voru. Eftir stendur þó það sem mestu máli skiptir. Felldar eru burt úr frumvarpinu undanþágu, sem áður giltu til að mega banna innflutning á ófrosnu og hrátu kjöti og lítt unnum og óunnum búvörum, sem við höfðum vegna sérstöðu landsins. Það er sem sagt, - stefnt að lítt heftum innflutningi á slíkum vörum til landsins. Það er óhæfa. Ég mótmæli þessum undanslætti og eftirgjöf frá þeim reglum, sem gilt hafa.

Það hlýtur að vera, að samningamenn okkar, sem sömdu þetta frumvarp, hafi fyrir mistök gleymt þessu mikilvæga atriði eða að barátta þeirra og rökstuðningur fyrir sérstöðu landsins okkar hafi verið máttlítill og lítt sannfærandi. Við þurfum að taka hana upp aftur með endurnýjuðum krafti og krefjast þess að fá að halda sömu undanþágum áfram með tilliti til sérstöðu okkar, hvað varðar hrátt kjöt og lítt unnar og óunnar búvörur, þótt önnur atriði frumvarpsins kunni að mega samþykkja.

Ég mótmæli einnig óþörfum innflutningi á slíku hráæti og hrámeti frá löndum með miklu verra dýraheilbrigði en hérlendis er, sem viðgengst nú þegar með blessun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Hrátt kjöt getur borið með sér smitefni af hvaða tegund sýkla sem er, þótt það líti sakleysislega út og allir pappírar séu í lagi. Ótal dæmi eru um að smitsjúkdómar í fólki og fénaði kvikni af hráæti og hrámeti, sem vottað er af til þess bærnum aðilum, við flutning þess milli svæða. Því má þó halda fram með réttu, að slík tilfelli séu sjaldgæf eða jafnvel óþekkt hér. Smithætta er fyrir hendi við innflutning á hráu kjöti og lítt unnum eða óunnum búvörum til Íslands og vex með auknum innflutningi. Pappírarnir og eftirlitið er og verður ófullkomið, oftast nær verður það nokkurs konar sýndareftirlit, pappírseftirlit eingöngu, en ekki raunverulegt eftirlit í samræmi við svokallaðar strangar reglur.

Við létum blekkjast af vottorðum, sem ekki stóðust reynsluna við innflutning á karakúlfé til Íslands fyrir 75 árum. Þótt vitneskjan sé meiri nú en þá, er langt frá því að við vitum í dag það sem nauðsynlegt er til að girða fyrir ýmsar hættur. Það sjáum við, þegar rifjuð er upp saga hinnar hræðilegu kúariðu, sem við vörðumst með innflutningsbanni. Það var ekki auðveld barátta. Farið var að flytja inn nautalundir frá Írlandi næst versta kúariðulandi í heimi með blessun landbúnaðarráðuneytis, þótt hálf tannað þúsund nautgripa dræpist þar árlega úr kúariðu og ungt fólk væri farið að falla úr sama sjúkdómi eða náskyldum sjúkdómi (CreutzfeldtJakob Disease). Reynt var með illu og góðu að troða inn á okkur hunda og kattamat frá Englandi, sem gerður var úr nautgripaafurðum, þegar tugir þúsunda nautgripa féllu þar fyrir veikinni og ungt fólk fór að deyja í stórum stíl úr sama sjúkdómi. Almennigur tók í taumana hér og píndi stjórnvöld til að breyta um stefnu og hætta innflutningi frá kúariðubælunum, hvað sem öllum svokölluðum vísindalegum sönnunum leið.

Karakúlfénu, 20 kindum fylgdi vottorðabunki, 9 cm þykkur, um heilbrigði og hreinleika fjárins, útgefinn 1933 af virtum kollegum mínum í Þýskalandi og fleiri virtum heiðursmönnum, sem sjálfsagt vissu ekki betur en sagði í vottorðunum. Þegar eg var um tíma í Þýskalandi 1973 hitti eg mann að nafni Ronald Ziegler. Hann var dýrahirðir á Háskólabúinu í Halle árið 1933, þegar karakúlkindurnar voru sendar til Íslands og hjálpaði til að koma þeim af stað. Hann sagði „þeir voru nú ekki að segja frá vanhöldum í hjörðinni, það spillti bara fyrir sölumöguleikum. Ég hjálpaði til að grafa margar kindur, sem veiktust og drápust. Þær voru ekki rannsakaðar.”

Allur vottorðabunkinn brást. Fénu fylgdu a.m.k. 4 smitsjúkdómar til Íslands (Votamæði, Þurramæði og Visna). Við erum búin að uppræta 3 þeirra eftir 30 ára dýrkeypta baráttu, en erum að berjast við einn þeirra enn (Garnaveiki) með ómældum kostnaði árlega.

Sérstaða landsins er margháttuð. Hún felst m.a. í því, að Ísland er laust við fjölda smitsjúkdóma, sem eru þekktir skaðvaldar erlendis, lagðar hafa verið á íslenska bændastétt og íslenska ríkið meiri útgjöld en víðast hvar til þess að losna við ýmsa smitsjúkdóma, sem borist hafa til landsins vegna ógætni og undanlátssemi við menn sem heimtað hafa innflutning af ýmsu tagi, fyrst og fremst lifandi skepnur. Baráttan hefur verið ströng og kostnaðarsöm en skilað góðum árangri í mörgum tilfellum. Þennan árangur er auðvelt að eyðileggja á stuttum tíma með lausatökum og ógætni og með því að heimta frjálst flæði á varningi milli svæða, án þess að skeyta um allan kostnaðinn sem hlýst af eftirlitinu, sem er í mörgum tilfellum frekar til að sýnast en að það sé að fullu gagni.

Gerið ekki landinu okkar þetta, að draga yfir það sjúkdómahættu fyrir dýr og fólk, sem jafnvel er í meiri hættu en dýr fyrir þessari innflutningspressu og gerir fólk og fé varnarlaust gagnvart ófullkomnu eftirliti, jafnvel sýndareftirliti.

Við stöndum betur að vígi en flestar aðrar þjóðir til að verjast smitsjúkdómavá. Staða okkar sem eyþjóðar býður upp á náttúrlegar varnir gegn smitsjúkdómum, sem óskynsamlegt er að brjóta niður að óþörfu og að lítt hugsuðu máli, landinu er skipt í varnarhólf, sem hafa gert okkur kleyft að taka eitt svæði eftir annað og uppræta þar smitsjúkdómuna.

Einangrun landsins og íhaldssöm stefna í innflutningsmálum, sem lengst hefur verið viðhöfð hér, hefur valdið því, að búfjárstofnar okkar hafa ekki þurft að mæta nema fáum alvarlegum smitsjúkdómum og eru því lítt varðir af mótiefnum gegn framandi smitefnum og hafa litla „reynslu“ af sjúkdómum og eru því auðveld bráð þeirra eins og oft hefur sannast.

Ég skora því á Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að ýta matvælafrumvarpinu frá, þar til búið er að ná inn í það undanþágum frá innflutningi á hráu kjöti, hvort heldur sem er frosnu eða ófrosnu og lítt unnum og óunnum búvörum.

Virðingarfyllst,
Sigurður Sigurðarson dýralæknir

Suðurengi 31, 800 Selfoss, s: 892 1644, Emill: sigsig@hi.is